

Tillaga að: Starfsleyfi fyrir flugeldasýningu á Jökulsárlóni 2021-2024

Heilbrigðisnefnd Austurlands hefur móttengið umsókn frá Björgunarfélagi Hornafjarðar dags. 14.7.2021 þar sem sótt er um starfsleyfi vegna flugeldasýninga sem haldnar eru árlega á Jökulsárlóni á Breiðamerkursandi

Umbeðið leyfi er veitt fyrir ofanskráða starfsemi með vísan í 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Einnig með vísun í reglugerð um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003 og reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti.

Leyfishafi:	Björgunarfélag Hornafjarðar	kt. 640485-0439
Ábyrgðarmaður og skotstjóri:	Tryggvi Valur Tryggvason	kt. 080383-4019
Staðsetning:	Flugeldum verður skotið upp af jökum á lóninu	
Tímasetning:	Laugardagskvöld á tímabilinu 10-25. ágúst ár hvert kl: 22 ⁰⁰ - 23 ⁵⁹	

1. Gildis- og ábyrgðarsvið

- 1.1 Leyfið tekur til flugeldasýninga árin 2021 til 2024 að báðum árum meðtöldum. Leyfið veitir heimild til einnar flugeldasýningar á tímabilinu 10.-25. ágúst ár hvert.
- 1.2 Leyfið er veitt með þeim skilyrðum að ákvæðum gildandi laga og reglugerða um hollustuhætti og mengunarvarnir hverju sinni sé fylgt, ásamt gildandi lögreglusamþykkt og neðangreindum skilyrðum
- 1.3 Leyfishafi er ábyrgur fyrir því að ákvæðum starfsleyfis sé fylgt.

2. Skilyrði

- 2.1 Leyfi Heilbrigðisnefndar Austurlands er skilyrt því að fyrir liggi endanlegt leyfi lögreglufirvalda fyrir sýningunni.
- 2.2 Skytt er að haga allri háværrri starfsemi þannig að valdi sem minnstu ónæði.
- 2.3 Óheimilt er að hefja skoteldasýningu ef vindátt eða veðrátt er óhagstæð að mati lögreglu.
- 2.4 Sjá skal um að skotsvæðið sé hreinsað sem fyrst að sýningu lokinni og úrgangi komið í viðeigandi förgun.

xx . ágúst 2021

F.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands,

xxxxxxx xxxxxxxxxxxx
heilbrigðisfulltrúi

Almenn starfsleyfisskilyrði fyrir mengandi starfsemi nr. 582/2000

Gefið út í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, ásamt síðari breytingu og reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Almennt

- 1.1 Sækja skal um nýtt starfsleyfi ef gera á umtalverðar breytingar á rekstrinum, taki nýr rekstraraðili við eða starfsemin flytur.
- 1.2 Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer skv. lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.
- 1.3 Í starfsleyfi eru skráðar sértækar kröfur til mengunarvarna sem rekstur þarf að uppfylla.
- 1.4 Við reksturinn skal leitast við að draga úr álgai á umhverfið, beita bestu fánlegu tækni til að ná þeim markmiðum og skipuleggja orkunotkun á sem vistvænastan hátt.

Lóð og húsnæði

- 2.1 Lóð og húsnæði skal vera snyrtilegt og vel við haldið. Við húsnæðið skal vera viðurkennt sorpílat.
- 2.2 Komið skal í veg fyrir að úrgangur og annað sem ekki tilheyrir starfseminni safnist fyrir á lóð.
- 2.3 Fyrirtækið virði það skipulag og nýtingu lóðar sem samþykkt hefur verið af byggingaryfirvöldum.
- 2.4 Afla ber leyfis fyrir staðsetningu olútanka, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 35/1994 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.

Mengunarvarnir

- 3.1 Forráðamönnum fyrirtækja og stofnana er skylt að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að draga úr hljóðmengun og koma í veg fyrir óþægindi af völdum hávaða frá starfseminni, sbr. reglugerð nr. 933/1999 um hávaða.
- 3.2 Loftræstingu skal þannig hátt að hún valdi ekki fólki í nágrenninu óþægindum eða heilsufarslegri hættu vegna loft- eða hávaðamengunar. Komi upp vandamál vegna lyktar eða mengandi efna frá útblæstri er heilbrigðiseftirlitinu heimilt að krefjast úrbóta s.s. breytinga á útrásum, eða hreinsunarbúnaðar.
- 3.3 Upplýsingar um legu og fyrirkomulag frárennslislagna séu tiltækar í fyrirtækinu. Engar breytingar verði gerðar á frárennslisli sem skerði mengunarvarnir sem fyrir eru né takmarki möguleika á að koma þeim fyrir í framtíðinni. Fráveitukerfi skal vera tvöfalt sé þess talin þörf. Mengunarvarnabúnaði skal komið fyrir á fráveitu í samræmi við ákvæði III kafla reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólpl.
- 3.4 Í meðferð alls úrgangs verði gætt sérstaklega að flokkun hans sé í samræmi við möguleika á endurvinnslu og/eða viðurkenndri förgun eins og hún er skilgreind á hverjum tíma. Jafnframt skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 805/1999 um úrgang eins og við á.
- 3.5 Geyma skal öll hættuleg efni og efnasambönd á öruggan hátt í traustum og rétt merktum ílátum. Hættuleg efni skulu meðhöndluð af varúð og þess vandlega gætt, að þau hvorki berist í niðurföll né geti á annan hátt valdið umhverfisskaða eða heilsutjóni almennings.
- 3.6 Spilliefni og hættuleg efni verði meðhöndluð af varúð og aðgreind frá öðrum hráefnum, afurðum og úrgangi. Spilliefnum sé skilað í viðurkennda söfnunar- eða móttökustöð. Mikilvægt er að tryggja greinargóðar merkingar íláta og aðskilin afmörkuð rými eða svæði. Jafnframt skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni.
- 3.7 Við rekstur kælikerfa með ósoneyðandi kælimiðlum skal fylgja ákvæðum reglugerða nr. 656/1997 um varnir gegn mengun af völdum ósoneyðandi kælimiðla og nr. 533/1993 um kæli- og varmadælukerfi með ósoneyðandi kælimiðlum, ásamt síðari breytingum.

Eftirlit

- 4.1 Um eftirlit fer samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit. Heilbrigðisnefnd ber ábyrgð á mengunarvarnaeftirliti og framkvæmd þess undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins. Rekstraraðili greiðir eftirlitsgjald samkvæmt gjaldskrá viðkomandi heilbrigðiseftirlits, eins og hún er hverju sinni.

Skv. auglýsingu frá Umhverfissráðuneyti í ágúst 2000